

verðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs vera frádráttarbærar að fullu frá tekjum við álagningu útsvars á árinu 1980.

### III.

Prátt fyrir ákvæði laga þessara skulu lög nr. 1/1980 gilda eftir því sem við á um greiðslu útsvara á fyrri hluta ársins 1980.

### IV.

Hvarvetna þar sem í lögum þessum er vísað til laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, er vísað til þeirra laga með síðari breytingum eftir því sem við getur átt. Verði síðari breytingar, sem gerðar hafa verið á lögum nr. 40/1978, felldar inn í meginmál þeirra og útgefin ný lög, skal við framkvæmd á 2. mgr. 21. gr. laga þessara breyta vísunum til laga nr. 40/1978 til samræmis við það.

*Gjört í Reykjavík 9. apríl 1980.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Svavar Gestsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 62 31. maí 1979, um landflutningasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Á eftir 1. mgr. 1. tl. 4. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Gjald þetta skal lagt á allan rekstur vöruflutningabifreiða, á sama stofn og aðstöðugjald er lagt á skv. V. kafla laga nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, í fyrsta sinn árið 1980 af tekjum ársins 1979.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 14. apríl 1980.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Steingrímur Hermannsson.*